

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/551*  
*komudagur 5.12.2013*

**Athugasemdir embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum við tillögu til þingsályktunar, þingskjal 151 – 136. mál sem lagt var fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.**

Þann 28. febrúar 2013 skilaði embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum umsögn um frumvarp um ný lög um útlendinga, þingskjal nr. 917, 541. mál sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi. Er núverandi tillaga til þingsályktunar samhljóða þeim meginmarkmiðum sem fyrrgreint lagafrumvarp bar með sér. Vísar embættið því til þeirra athugasemda sem embættið gaf en vill einnig sérstaklega geta eftirfarandi atriða.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) fagnar heildarendurskoðun á lögum um útlendinga.

LSS telur nauðsynlegt að áréttta að sérstaklega skal tekið tillit til tveggja þátta við gerð nýrra heildarlaga um útlendinga en það er annars vegar bætt réttarstaða og að tryggð séu réttaröryggi útlendinga og hins vegar að tryggja og treysta heimildir til eftirlits með komu útlendinga til landsins, dvöl útlendinga hér á landi og för þeirra úr landi. Í tillögu að þingsályktun er nánast eingöngu vísað til fyrri þáttarins, þ.e. réttindi útlendinga en ekki til eftirlitsheimilda.

Verður í þessum athugasemdum sérstaklega vikið að þeim þætti er varðar löggæsluyfirvöld og þann hluta tillögunnar um bann við að refsá umsækjendum um alþjóðlega vernd vegna ólöglegrar komu og /eða falsaðra eða stolinna skilríkja. Þá er sérstaklega vísað til þess að ákvæði 7. mgr. 29. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 um þvingunarúrræði hefur þjónað tilgangi sínum sbr. álit meirihluta allsherjarnefndar með ákvæðinu frá 23. maí 2008, þingskjal nr. 1151, 337. mál á 135. löggjafarþingi. Að banna refsingu fyrir framvísun falsaðra eða stolinna skilríkja vekur áhyggjur löggæsluyfirvalda þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd uppfylla fæstir skilyrði 31. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og hafa margir hverjir ekki í hyggju að sækja um hæli hér á landi í upphafi en afskipti löggæsluyfirvalda og þar með íhlutun í þeirra ferðatilhögun verður til þess að þeir sækja um hæli.

Að mati LSS en nauðsynlegt að komið sé á fót öflugri móttökustöð sem hafi það hlutverk að taka á móti öllum útlendingum sem sækja um alþjóðlega vernd að minnsta kosti um skamman tíma á meðan verið er að vinna frumvinnu í umsóknarferli þeirra og einnig til að greina þá aðila sem kunna að teljast hættulegir, í ólömætri dvöl og að öðru leyti uppfylla ekki skilyrði komu til landsins. Þá ber þess einnig að geta að mögulegt væri að nota slíkt úrræði fyrir fórnarlömb mansals sem ekki teljast í sérstakri hættu en hafa í engin hús að vernda við komuna til landsins. Er það mat embættisins að nauðsynlegt sé að um sólahringsstarfsemi sé að ræða með öflugum starfsfólki þar sem heildar greining fer fram.

### **Breytingar á málsmeðferð hælisumsókna.**

Ítrekaðar eru athugasemdir við „Bann við refsingum vegna ólöglegrar komu og / eða stolinna skilríkja“. Ísland hefur um langa hríð verið aðilar að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Því hefur við mat á því hvort ákæra eigi umsækjendur um alþjóðlega vernd fyrir skjalafals eða misnotkun skjala ávallt verið höfð hliðsjón af 31. gr. samningsins. Þess má geta að á árinu 2012 var um þriðjungur umsækjenda um alþjóðlega vernd dæmdur fyrir skjalabrot. Er í samningnum kveðið á um skilyrði þess að ákvæðinu verði beitt, að umsækjandinn færi rök fyrir því eða líkur eru á að hann komi beint frá svæði þar sem hann hafði ástæðu til að óttast ofsóknir enda gefi hann sig fram við stjórnvöld án ástæðulauss dráttar og beri fram gildar ástæður fyrir hinni ólöglegu komu og dvöl. Um þetta mat fjölluðu tveir dómar í Hæstarétti sem kveðnir voru upp þann 15.11.2012, annars vegar í máli nr. 430/2012 og hins vegar í máli nr. 431/2012. Óhjákvæmilegt er að fram fari mat á því, hvort um umsækjendur um alþjóðlega vernd, gildi þau skilyrði sem kveðið er á um í 1. mgr. og 31. gr. flóttamannasamningsins og því sé ekki unnt að girða fyrir að umsækjendur séu ákærðir. Þá skal því jafnframt haldið til haga að margir af þeim sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi hafa það ekki að markmiði að sækja um slíka vernd fyrr en við afskipti yfirvalda og í nokkur skipti hafa þeir dvalið í nokkra daga í landinu en verið stöðvaðir á leið úr landi, oftast til Kanada og óska þá eftir alþjóðlegri vernd. Er því að mati LSS engin vafi á því að framkvæmdin hér á landi hingað til standist fyllilega ákvæði 31. gr. flóttamannasamningsins.

Reykjanesbær, 1. desember 2013,

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri